

Þróunarsjóður innflytjendamála Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Afbrot og stimplun ungmenna af erlendum uppruna: Rannsókn á samskörum

Nafn styrkþega: Jón Gunnar Bernburg

Útdráttur: Undanfarna áratugi hefur orðið mikil fjölgun á innflytjendum og annarrar kynslóðar innflytjendum innan íslensks samfélags og upplifir þessi minnihlutahópur gjarnan jaðarsetningu. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvernig innflytjendur upplifa samskipti við íslenska réttarvörslukerfið og hvernig afbrota- og kynþáttastimplun tvinnast saman í þeirri reynslu. Sérstök áhersla var lögð á að skoða samtvinnun (e. intersectionality), með það að leiðarljósi að skilja hvernig félagsleg einkenni, eins og kynþáttur, þjóðerni, félagsleg staða og frávikshegðun fléttast saman og hafa áhrif á sjálfsmynd og samskipti. Rannsóknin var eigindleg og byggði á viðtölum við þrettán karlmenn sem allir eru innflytjendur af fyrstu eða annarri kynslóð á aldrinum 18 – 32 ára. Þeir áttu það enn fremur sameiginlegt að hafa haft afskipti af réttarvörslukerfinu á Íslandi. Gagnagreining var framkvæmd með þemagreiningu og stuðst var við grundaða kenningu til að draga fram þemu sem byggja á reynslu viðmælenda. Helstu niðurstöður leiddu í ljós að þátttakendur upplifðu vantraust og mismunun af hálfu lögreglu, auk þess sem þeir tengdu þessi afskipti við kynþátt sinn og uppruna. Margir töldu sig verða fyrir stimplun sem afbrotamenn án þess að hafa sýnt af sér frávikshegðun. Þetta virtist hafa haft áhrif á sjálfsmynd þeirra og félagslega þátttöku. Þessi reynsla er í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna sem sýna hvernig jaðarsettir hópar verða fyrir kerfisbundinni mismunun í tengslum við löggæslu. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi þess að skoða samtvinnun þegar meta á reynslu innflytjenda af réttarvörslukerfinu. Þær benda jafnframt til að þörf sé á endurskoðun á verklagi og viðhorfum innan stofnana til að tryggja jafnræði og réttlæti fyrir einstaklinga óháð uppruna.